

REGLUGERÐ

um beingreiðslur í garðyrkju árið 2015.

I. KAFLI

Heildarfjárhæð beingreiðslna, framkvæmd og skipting milli afurða.

1. gr.

Heildarfjárhæð og framkvæmd beingreiðslna.

Árið 2015 skal greiða beingreiðslur að fjárhæð 275,2 milljónir kr. úr ríkissjóði til framleiðenda á gúrkum, tómötum og papriku eftir nánari ákvæðum í þessari reglugerð. Fjárhæðin skiptist upp eftir áðurnefndum tegundum og greiðist til framleiðenda miðað við selt magn af þessum afurðum.

Bændasamtök Íslands hafa umsjón með og annast framkvæmd beingreiðslna á árinu 2015.

2. gr.

Skipting beingreiðslna milli afurða.

Heildarfjárhæð beingreiðslna skiptist á afurðir sem hér segir:

- a) Tómatar (að meðtöldum kirsuberja-, plómu-, kjöt- og klasatómötum) alls 135,0 milljónir kr.
- b) Gúrkur alls 100,3 milljónir kr.
- c) Paprika alls 39,9 milljónir kr.

Ef í ljós kemur að framleiðsluáætlanir gefa til kynna umtalsverða breytingu á framleiðslumagni milli tegunda er heimilt að endurskoða ofangreinda skiptingu.

3. gr.

Útreikningur beingreiðslna á afurðaeiningar.

Heildarfjárhæð beingreiðslna sem er til ráðstöfunar fyrir hverja afurð skv. 2. gr. skal deilt á selt magn innan ársins, frá og með 1. janúar 2015 að telja. Flokka skal gúrkur, tómata og papriku eftir flokkunarreglum Sambands garðyrkjubænda um gæðaflokkun þessara afurða og skulu beingreiðslur einungis greiddar út á selt magn afurða sem fara í fyrsta flokk.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir áætlun að fengnum upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands um sölumagn þessara afurða yfir árið. Áætla skal beingreiðslur pr. kg miðað við áætlað sölumagn og greiða 80% af áætluðum beingreiðslum pr. kg sem fyrstu greiðslu eftir sölu hvers mánaðar.

Við lokauppgjör skv. 12. gr. skal finna út beingreiðslur á hvert kg afurðar miðað við heildarfjárhæð beingreiðslna skv. 2. gr. með því að deila þeim á það magn, sem staðfest er að selt hafi verið á árinu og skulu þær greiddar framleiðendum að frádregnum þeim greiðslum sem fram hafa farið. Ef upp kemur ágreiningur um rétt til beingreiðslna skulu þeir fjármunir sem um er deilt ekki koma til greiðslu við lokauppgjör fyrr en leyst hefur verið úr ágreiningnum.

4. gr.

Endurskoðun á einingaverði beingreiðslna.

Bændasamtök Íslands skulu tvisvar á árinu 2015, fyrir 1. júlí og fyrir 1. október endurskoða spár um framleiðslumagn ársins og á grundvelli þess gera tillögur til framkvæmdanefndar búvörusamninga um breytingar á fyrirframgreiðslu á selda einingu, sbr. 3. gr. Ef til lækkunar kemur á beingreiðslum á einingu afurðar til hvers handhafa, skulu þær endurreiknaðar frá upphafi árs í samræmi við breytingar á einingaverðum, á þann hátt að til útborgunar á árinu komi að hámarki 88% af áætluðum beingreiðslum á einingu við endurskoðun 1. júlí. Við endurskoðun 1. október skal breyta fyrirframgreiðslum í 93% af áætluðum beingreiðslum á einingu. Bændasamtök Íslands tilkynna handhöfum beingreiðslna þessar ákvarðanir hverju sinni.

II. KAFLI

Réttur til beingreiðslna, umsóknir, gjalddagar, ofgreiddar beingreiðslur o.fl.

5. gr.

Réttur til beingreiðslna.

Réttur til beingreiðslna árið 2015 er bundinn því skilyrði að framleiddar séu gúrkur, tómatar eða paprika á hlutaðeigandi garðyrkjubýli. Þessi réttur er bundinn við framleiðslustað en ekki framleiðanda. Með garðyrkjubýli er hér átt við lögaðila eða býli með virðisaukaskattskylda veltu, sem framleiðir grænmeti (útirækt/ylrækt), skrautjurtir, garðplöntur eða tré og runna.

Framleiðendur, sem tóku við beingreiðslum á árinu 2014 þurfa ekki að sækja sérstaklega um fyrir árið 2015, en þeir skulu skila áætlun til Bændasamtaka Íslands fyrir 20. janúar 2015, þar sem fram kemur flatarmál gróðurhúsa, sem ætlað er til framleiðslu fyrir hverja tegund svo og áætluð framleiðsla af hverri tegund á árinu 2015. Feli áætlun í sér meira en 10% frávik frá framleiðslu síðasta árs skal gera sérstaka grein fyrir henni. Einnig skal liggja fyrir fullnaðaruppgjör vegna ársins 2014 áður en beingreiðslur fást greiddar vegna ársins 2015.

6. gr.

Umsóknir.

Þeir aðilar sem ekki tóku við beingreiðslum á árinu 2014 en vilja öðlast rétt til þeirra að uppfylltum skilyrðum, sbr. 5. gr., skulu senda umsókn til Bændasamtaka Íslands fyrir 20. janúar 2015. Þá skulu umsækjendur skila áætlunum skv. 5. gr.

Ef fullnægjandi gögnum skv. 1. mgr. er ekki skilað á réttum tíma verða beingreiðslur ekki greiddar fyrir en framleiðendur hafa gert úrbætur.

7. gr.

Handhafar beingreiðslna.

Handhafi beingreiðslna er ábúandi lögbýlis eða einstaklingur/lögaðili sem stendur að rekstri garðyrkjubýlis. Á hverju garðyrkjubýli skal einungis vera einn handhafi beingreiðslna. Þó er heimilt þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör.

Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands án tafar um breytingar á handhöfum beingreiðslna.

Réttur til beingreiðslna er bundinn við handhafa. Honum er óheimilt að framvísa þeim beingreiðslum sem honum ber til annars aðila.

Bændasamtök Íslands halda skrá yfir handhafa beingreiðslna.

8. gr.

Gjalddagar beingreiðslna.

Fyrsti gjalddagi er 1. apríl 2015 og síðan 1. hvers mánaðar vegna sölu næstsíðasta mánaðar að því tilskildu að gögnum vegna sölu sé skilað á réttum tíma, sbr. 11. gr. Berist gögn síðar frestast afgreiðsla beingreiðslna til næsta gjalddaga.

9. gr.

Ofgreiddar beingreiðslur.

Framleiðendur sem hafa tekið við beingreiðslum á grundvelli vísvitandi rangrar upplýsinga-gjafar skulu endurgreiða ofteknar beingreiðslur með 50% álagi. Ef til þess kemur að úrskurða þurfi um rétt til beingreiðslna skulu Bændasamtök Íslands halda eftir af beingreiðslum til framleiðandans þeirri fjárhæð sem ágreiningur er um að viðbættu 50% álagi.

10. gr.

Viðskipti sem réttur til beingreiðslna takmarkast við.

Sala afurða veitir aðeins rétt til beingreiðslna sé kaupandi bókhaldsskyldur hvort sem um er að ræða kaup til eigin rekstrar eða til endursölu. Sömu reglur gilda um umboðssölu. Framleiðandi getur einungis öðlast rétt til beingreiðslna með sölu eigin framleiðsluafurða en ekki með sölu á afurðum

sem hann hefur keypt af öðrum. Réttur framleiðanda til beingreiðslna fellur niður annist hann kaup á gúrkum, tómötum eða papriku til eigin rekstrar, endursölu eða umboðssölu.

III. KAFLI

Upplýsingar og gögn um sölu afurða o.fl.

11. gr.

Upplýsingar og gögn sem skila ber mánaðarlega.

Handhafar beingreiðslna skulu senda Bændasamtökum Íslands mánaðarlega eftirfarandi upplýsingar og gögn eigi síðar en 12. næsta mánaðar eftir að sala fer fram:

1. Nafn, heimilisfang og kennitölu handhafa beingreiðslna ásamt virðisaukaskattsnúmeri og landnúmeri garðyrkjubýlis.
2. Nafn, heimilisfang og kennitölu kaupanda ásamt virðisaukaskattsnúmeri.
3. Afreikninga eða sölunótur sem bera með sér tegund afurðar, selt magn í kg, skiptingu magns eftir gæðaflokkum, verð á kg fyrir hverja afurðaeiningu og verðmæti alls. Séu þessar upplýsingar sendar á rafrænu formi er ekki skylt að afreikningar eða sölunótur fylgi, aðeins að þessi gögn séu til staðar og aðgengileg sé eftir þeim leitað og að viðeigandi fylgiskjalsnúmer sé skráð og komi fram.

Þau gögn sem þannig eru frágengin skulu staðfest með undirritun eða á annan fullnægjandi hátt, af eða fyrir hönd viðkomandi handhafa beingreiðslna eftir umboði. Bændasamtök Íslands geta hvenær sem er óskað eftir aðgangi að frumgögnum til staðfestingar. Handhafa beingreiðslna er skylt að halda eftir afriti af gögnum sendum Bændasamtökum Íslands til að vinna lokauppgjör ársins eftir, sbr. 4. mgr. 3. gr. og 12. gr.

12. gr.

Staðfesting lokauppgjörs fyrir árið.

Bændasamtök Íslands skulu fyrir 1. mars 2016 ljúka uppgjöri fyrir árið 2015. Hver framleiðandi, sem hlotið hefur beingreiðslur á árinu skal senda Bændasamtökum Íslands fyrir 10. febrúar 2016 heildaruppgjör fyrir árið staðfest af löggiltum endurskoðanda. Uppgjörið skal sýna selt magn af gúrkum, tómötum og/eða papriku eftir tegundum, afbrigðum og gæðaflokkum. Komi fram misræmi frá áður innsendum gögnum (afreikningum og sölunótum) skal leggja fram afrit af þeim bókhaldsgögnum sem standa þar að baki og gera grein fyrir leiðréttingum. Við lokauppgjör reikna Bændasamtök Íslands út og gera upp beingreiðslur á kg af gúrkum, tómötum og papriku, eftir seldu magni á árinu 2015. Þessir útreikningar skulu hljóta staðfestingu framkvæmdanefndar búvörusamninga áður en lokauppgjör fer fram.

Við lokauppgjör skal halda eftir fjárhæðum er svara til krafna vegna ágreinings sem vísað hefur verið til úrskurðar skv. 13. gr.

IV. KAFLI

Málskot o.fl.

13. gr.

Málskot.

Ágreiningi um rétt til beingreiðslna er heimilt að skjóta til úrskurðar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

14. gr.

Ráðstöfun fjármuna í búvörusamningi.

Fjármunum sem ráðstafað skal samkvæmt samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands/Sambands garðyrkjubænda frá 12. mars 2002, með síðari breytingum skal ráðstafað með eftirfarandi hætti:

- a) Styrkjum vegna uppsetningar á lýsingarbúnaði skal ráðstafa samkvæmt verklagsreglum í viðauka I.
- b) Framlögum til kynningarverkefna, rannsókna, tilrauna, vöruþróunarverkefna og endurmenntunar í garðyrkju skal ráðstafa samkvæmt verklagsreglum í viðauka II.

15. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Reglugerð nr. 1227/2013 um beingreiðslur í garðyrkju árið 2014 fellur úr gildi 1. mars 2015. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur brott auglýsing nr. 691/2013 um staðfestingu á reglum Bændasamtaka Íslands um úthlutun styrkja vegna uppsetningar á lýsingarbúnaði í garðyrkju.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. desember 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Rebekka Hilmarsdóttir.

VIÐAUKI I

Verklagsreglur um úthlutun styrkja vegna uppsetningar á lýsingarbúnaði.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um ráðstöfun fjármagns vegna uppsetningar á lýsingarbúnaði, samkvæmt grein 3.4. í samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 12. mars 2002, með síðari breytingum. Við framkvæmd reglnanna skal leitast við að ná markmiðum samningsins.

2. gr.

Eigi síðar en fjórum vikum fyrir 1. mars ár hvert auglýsa Bændasamtök Íslands, t.d. í Bændablaðinu, eftir umsækjendum um styrki vegna uppsetningar á lýsingarbúnaði. Umsóknum skal skilað á skrifstofu Bændasamtaka Íslands á sérstökum eyðublöðum sem samtökin láta í té, eigi síðar en 1. mars ár hvert vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á árinu.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda, fasteignanúmer gróðurhúsa, áætlaðan kostnað, fjölda lampa og fermetra af gardinum. Umsókn skal fylgja staðfesting á eignarétti eða umráðarétti yfir gróðurhúsum sem notuð eru til ylraektar ef eigandi er annar en framleiðandi, svo og staðfesting skattstjóra á að umsækjandi stundi virðisauka-skattsskylda starfsemi af þeirri tegund sem greinir í 4. gr. Umsóknum skal svarað eigi síðar en fjórum vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út og skal koma fram í svarinu hvort fullur styrkur verði veittur, eða hver verði lágmarksupphæð styrks, ef um skerðingu verður að ræða samkvæmt 5. gr.

3. gr.

Veita má styrk til kaupa og uppsetningar á lýsingarbúnaði (lömpum og endurskins-tjöldum/gardinum) er nemur allt að 30% af kostnaði, þó að hámarki kr. 3.800 á hvern fermetra grunnflatarmáls gróðurhúsa. Með kostnaði er átt við kaup á búnaði og vinnu við að koma honum upp. Heildarfjárhæð þessara styrkja getur verið að hámarki kr. 8.000.000 á ári. Bændasamtök Íslands annast úthlutun styrkjanna samkvæmt þessum reglum.

Til lýsingarbúnaðar teljast lampar með perum, raflagnir og stokkar, töflur með tilheyrandi búnaði, heimtaug og gardínur til að draga úr útgeislun hita og ljóss. Endurnýjun búnaðar er ekki styrkhæf en aukning á lýsingu er styrkhæf.

Ef heildarfjárhæð umsókna um styrki hvers árs verður hærri en reglur þessar kveða á um skulu styrkir til einstakra framleiðenda skertir hlutfallslega.

Reynist ekki unnt að greiða alla styrki á grundvelli samþykktra umsókna, t.d. ef ekki hefur orðið af framkvæmdum eða þeim er ekki lokið, skal deila þeim fjármunum hlutfallslega jafnt á aðrar samþykktar umsóknir, þó þannig að styrkur til hvers umsækjanda sé í samræmi við ákvæði 1. mgr. um hámark styrkja.

4. gr.

Heimilt er að greiða styrki til framkvæmda á býlum þar sem fer fram framleiðsla grænmetis (útirækt/ylrækt), skrautjurta, garðplantna eða trjáa og runna. Jafnframt skal umsækjandi leggja fram gögn um að hann hafi ÍSAT númer í búnaðargjaldsskyldri búgrein og virðisaukaskattsnúmer. Styrkir greiðast eingöngu vegna framkvæmda sem er lokið.

5. gr.

Þegar uppsetningu búnaðar er lokið skulu Bændasamtök Íslands eða trúnaðarmenn á þeirra vegum gera úttekt á honum og fullvissa sig um að lampar eða endurskinstjöld hafi verið sett upp. Þá skal flatarmál gróðurhúss samkvæmt umsókn, sannreynt.

Úttektir á framkvæmdum skulu berast Bændasamtökum Íslands fyrir 15. nóvember á sama ári eftir að umsókn berst og skulu styrkir greiddir fyrir árslok.

6. gr.

Bændasamtök Íslands skulu árlega skila yfirliti til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um heildarfjárhæðir greiddra framlaga samkvæmt reglum þessum þar sem koma fram sundurliðaðar upplýsingar um viðtakendur, fjárhæðir og verkefni samkvæmt grein 7.5. samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 12. mars 2002, með síðari breytingum.

7. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar samkvæmt grein 3.5. í samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 12. mars 2002, með síðari breytingum.

VIÐAUKI II

Verklagsreglur um ráðstöfun framlaga til kynningarverkefna, rannsókna, tilrauna, vöruþróunarverkefna og endurmenntunar í garðyrkju.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um ráðstöfun fjármuna samkvæmt 5. gr. í samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, frá 12. mars 2002 með síðari breytingum, en samkvæmt henni eru veitt sérstök framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagalið 04-807, viðfang 1.08 til kynningar-, rannsóknar-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylækt og garðrækt. Um er að ræða stuðning til eflingar inni- og útiræktun á grænmeti og kartöflum. Heildarfjárhæð sem verja skal til kynninga verða að hámarki 20% af heildarupphæð sem til ráðstöfunar er á ári. Samband garðyrkjubænda skal hafa umsjón með kynningarmálum, samkvæmt grein 5.1. í samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða.

2. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins annast vörslu umræddra fjármuna, auglýsir eftir umsóknum og sér um greiðslu framlaga. Fagráð garðyrkjunnar skal gefa umsögn um allar umsóknir sem Framleiðnisjóður hefur til hliðsjónar við afgreiðslu þeirra. Fagráði er heimilt að leggja fram rökstudda umsókn um framlag til ákveðinna verkefna, sbr. 3. mgr. í grein 5.2. í samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Umsóknir um framlög skal senda til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Framleiðnisjóður landbúnaðarins úthlutar styrkjum eftir umsóknum.

3. gr.

Veitt eru framlög til kynningarverkefna í garðyrkju. Heimilt er að sækja um slík framlög allt árið. Umsóknir um framlög skulu metnar á grundvelli áætlunar kynningaraðila. Ætlast er til að umsækjandi greiði sjálfur a.m.k. krónu á móti krónu í hvert verkefni. Framlög eru ekki veitt til beinnar auglýsingar eða heimasíðugerðar fyrir einstaka aðila. Skilyrði fyrir framlagi til auglýsinga er að auglýsingin sé í nafni íslenskrar grænmetisframleiðslu og/eða í framhaldi af viðurkenndri vöruþróun, heimilt sé að nota fánarönd Sambands garðyrkjubænda eða aðra merkingu sem tilgreinir með

fullnægjandi hætti að um íslenska grænmetisframleiðslu sé að ræða og fagrað metur fullnægjandi. Umsókn skal berast áður en kynning á sér stað.

Með umsókn um framlag til kynningarverkefnis skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. Upplýsingar um framkvæmd kynningar. Hvar á að kynna/auglýsa, hvenær og hvernig.
2. Hver markhópur kynningar er.
3. Kostnaðaráætlun, þ.m.t. sundurliðun á eigin framlagi umsækjanda.
4. Niðurstöður. Innan 3ja mánaða frá því að kynning/auglýsingaátak fór fram skal skýrslu skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þar sem fjallað er um hverju kynningin skilaði fyrir umsækjanda og/eða íslenska grænmetisframleiðslu.

4. gr.

Veitt eru framlög vegna rannsókna eða tilrauna. Þau geta numið allt að 50% af heildarkostnaði við rannsóknina/tilraunina. Framleiðnisjóður auglýsir tvisvar á ári eftir umsóknum og úthlutar framlögum vegna rannsókna og tilrauna, en frestur til að skila inn umsókn rennur út 1. mars og 1. október ár hvert. Einungis eru veitt framlög til rannsókna eða tilrauna sem nýtast íslenskri grænmetisframleiðslu.

Með umsókn um framlag til rannsókna eða tilrauna skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. Lýsing á núverandi starfsemi umsækjanda.
2. Upplýsingar um hver tilgangur rannsóknarinnar/tilraunarinnar er, hver þörfin er.
3. Verkáætlun, þ.m.t. upplýsingar um starfsmenn og tímasetningar.
4. Upplýsingar um hvar, hvenær og hvernig niðurstöður rannsóknarinnar/tilraunarinnar munu verða kynntar og/eða birtar.
5. Kostnaðaráætlun, þ.m.t. sundurliðun á eigin framlagi umsækjanda.

Tilrauna- eða rannsóknaraðili skal tilnefna úttektaraðila sem fagrað samþykkir. Að verkefni loknu skal hann votta að verkefnið hafi farið fram samkvæmt áætlun.

5. gr.

Veitt eru framlög vegna vöruþróunarverkefna í garðyrkju. Framlög eru veitt umsækjendum til að þróa vörur. Framlög eru ekki veitt til vélakaupa. Sækja skal um framlag fyrirfram, þ.e. áður en vöruþróun hefst. Gerð er krafa um mótframlag umsækjanda, krónu á móti krónu. Einungis er veitt framlag til íslenskrar grænmetisframleiðslu. Ársreikningar umsækjanda geta verið nauðsynlegir til að meta bolmagn hans. Leita skal álits fagraðs fyrir afgreiðslu umsókna um vöruþróunarverkefni.

Bæði þróun á nýjum vörum og áframhaldandi þróun er styrkhæf. Varan þarf að vera nýjung (hafa nýsköpunargildi) á þeim markaði sem fyrir er eða stækka núverandi markaði.

Með umsókn um framlag til vöruþróunarverkefna skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. Lýsing á núverandi starfsemi umsækjanda.
2. Upplýsingar um hvaða vöru á að þróa.
3. Skilgreining á því hver þörf markaðarins er fyrir vöruna. Hvað er búið að gera til að athuga þörfina.
4. Upplýsingar um markhóp vörunnar.
5. Verkáætlun, þ.m.t. upplýsingar um hvenær er áætlað að vöruþróun hefjist. Setja þarf upp viðmið sem tilgreini við hvaða áfanga verkefnisins á að endurmeta þróunarvinnuna.
6. Kostnaðaráætlun, þ.m.t. sundurliðun á eigin framlagi umsækjanda.

Innan árs frá því að varan kemur á markað skal umsækjandi skila niðurstöðuskýrslu til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, þ.m.t. um mat á því hvaða árangri þróunarvinnan skilaði.

6. gr.

Veitt eru framlög vegna endurmenntunar í garðyrkju. Endurmenntunin felst í erlendri sérfræðiráðgjöf. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur umsjón með verkefninu og skal það unnið í samráði við Samband garðyrkjubænda.

Leggja þarf fram áætlun fyrir lok hvers árs vegna komu erlendra sérfræðinga árið eftir. Með áætluninni skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. Tilgangur hverrar heimsóknar og nafn sérfræðings.
2. Tímasetning heimsókna.
3. Kostnaðaráætlun.

Heimilt er að leggja fram endurskoðaða áætlun. Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal þá meta hvort fjármunir eru eftir til úthlutunar, við ákvörðun framlaga.

Framlög eru veitt vegna launakostnaðar og útlagðs kostnaðar erlendra sérfræðinga og ráðunauta Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Einnig eru framlög veitt vegna undirbúnings og umsýslu vegna heimsókna.

7. gr.

Framlög til ferðar eru 150.000 kr. Heimilt er að greiða tvö framlög á kennitölu hverrar garðyrkjjustöðvar á ári og samtals getur heildarupphæð því numið að hámarki 300.000 kr. á hverja garðyrkjjustöð. Ætlast er til að kynnisferðir séu skipulagðar af faghópum og/eða ráðunautum. Heimilt er að veita framlög til að greiða ferðakostnað ráðunautar og/eða framkvæmdastjóra Sambands garðyrkjubænda samkvæmt framlögðum reikningum.

Með umsókn fylgi eftirfarandi upplýsingar:

1. Markmið ferðarinnar.
2. Hvaða bændur fara.
3. Hvers má vænta sem árangurs ferðarinnar.
4. Dagskrá ferðarinnar.

Greiðsla er háð því að skilað sé skýrslu um ferðina, aðeins skal skila einni skýrslu um hverja ferð.

8. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal leita umsagna fagráðs í garðyrkju um allar umsóknir sem sjóðnum berast og varða úthlutun samkvæmt reglum þessum.

Fagráð í garðyrkju leggur faglegt mat á umsóknir um styrkveitingar. Styrkhæf eru hver þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska grænmetisframleiðslu og falla undir það að vera kynning, rannsóknir, þróun eða endurmenntun í garðyrkju.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er óheimilt að afgreiða umsókn ef umsögn fagráðs liggur ekki fyrir. Meðmæli fagráðs er forsenda styrkveitingar.

9. gr.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, rannsóknarhópar, háskólar, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki. Umsóknum skal skila til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á sérstökum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té.

Öllum umsóknum skal fylgja eftirfarandi:

- a. Listi yfir alla sem aðild eiga að verkefninu.
- b. Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis þ.m.t. rökstuðningur fyrir því hvernig verkefnið fellur að eflingu inni- og útiræktunar á grænmeti og kartöflum og hvernig það gagnast íslenskri grænmetisframleiðslu að öðru leyti.
- c. Tímaáætlun verkefnisins og upplýsingar um helstu áfanga þess.
- d. Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
- e. Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar.

10. gr.

Greiða má allt að 40% af samþykktum framlögum til styrkþega þegar verkefni er sannanlega hafið. 20% af framlögum má svo greiða þegar áfangaskýrslu hefur verið skilað sem gefur til kynna að framvinda verkefnisins sé a.m.k. 60% af heildarverkefninu. Eftirstöðvar framlagsins 40%, má þá greiða þegar lokaskýrslu hefur verið skilað. Framleiðnisjóði landbúnaðarins er þó heimilt að víkja frá þessu ef eðli verkefnisins krefst þess.

11. gr.

Styrkþegar skulu skila skýrslu um verkefnið til fagráðs í garðyrkju eigi síðar en 6 mánuðum eftir að því lýkur. Erlendir ráðunautar skulu skila skýrslum sem dreift verði á framleiðendur undir leiðsögn ráðunauta RML. Sé verkefnið til lengri tíma en eins árs skal skila árlegri áfangaskýrslu. Í skýrslunni skal lagt mat á framgang verkefnisins og hverju það hafi skilað fyrir grænmetisframleiðslu.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er heimilt að leita umsagna fagráðs í garðyrkju um verkefnaskýrslur sem styrkþegum er gert að skila til sjóðsins. Lokaskýrslur allra verkefna verða birtar á heimasíðu Sambands garðyrkjubænda.

12. gr.

Styrkveitingar til verkefna falla niður þegar ekki tekst að uppfylla skilyrði þessara reglna um skýrsluskil og lok verkefnis, sbr. 10.-11. gr., innan 12 mánaða frá því að Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkir fyrirheit um framlög. Framleiðnisjóði landbúnaðarins er heimilt, vegna sérstakra aðstæðna, að veita frest til ráðstöfunar framlaga á næsta ári eftir úthlutun, enda hafi borist formleg beiðni þess efnis frá styrkþega fyrir lok úthlutunarárs.

13. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar samkvæmt 5. gr. í samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, frá 12. mars 2002 með síðari breytingum. Almenn ákvæði samningsins gilda um þá fjármuni sem ráðstafað er samkvæmt reglunum, eftir því sem við á.